



Sölvasaga unglings

Kennsluleiðbeiningar

Arnar Páll Rúnarsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Sölvasaga unglings

Kennsluleiðbeiningar

Arnar Páll Rúnarsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennsla með áherslu á íslensku

Leiðbeinandi: Arngrímur Vídalín

Deild faggreinakennslu

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

September 2021

Sölvasaga unglings, kennsluleiðbeiningar

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennsla með áherslu á íslensku við Deild faggreinakennslu,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Arnar Páll Rúnarsson 2021

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland

Ágrip

Kennsluleiðbeiningar þessar eru lagðar fram sem lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Deild faggreinakennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kennsluleiðbeiningarnar eru hugsaðar fyrir kennara við unglíngastig grunnskóla. Lokaverkefnið skiptist í tvo hluta. Annarsvegar er um að ræða umfjöllun um bókmenntakennslu á unglíngastigi með hliðsjón af áherslum Aðalnámskrár um hvernig haga skuli henni, ásamt umfjöllun um mismunandi kennsluaðferðir í bókmenntakennslu. Hinsvegar er um að ræða kennsluleiðbeiningar með skáldsögunni Sölvasaga unglíngs eftir Arnar Má Arngrímsson. Kennsluleiðbeiningarnar eru heildstæður námsþáttur sem getur nýst kennurum við kennslu á bókinni og gefið kennurum hugmyndir um verkefni samhliða lestri bókarinnar. Lögð er áhersla á lestaraðferðir, umræður, ritunarverkefni og ljóðgreiningu. Markmið kennsluleiðbeininganna er að efla læsi nemenda í víðum skilningi samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013).

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Efnisyfirlit	4
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Aðalnámskrá grunnskóla og bókmenntakennsla fyrir unglunga	9
3 Kennsluaðferðir í bókmenntakennslu	10
4 Greining á Sölvasögu unglings	12
5 Lokaorð	16
Heimildaskrá	17
Kennsluleiðbeiningar	18
6 Verkefni	19
6.1 Kæri kennari	19
6.1.1 Uppsetningin	19
6.1.2 Undirbúningur kennslu.....	19
6.1.3 Bókin kynnt.....	20
6.1.4 Um lesturinn	20
6.1.5 Meðan á lestri stendur	20
6.1.6 Útskýringar	21
6.2 Kaflar 1-5, bls. 5 - 35.....	21
6.2.1 Umræður	21
6.2.2 Ljóðgreining.....	21
6.2.3 Verkefni	21
6.3 Kaflar 6-10, bls. 36 - 54.....	22
6.3.1 Umræður	22
6.3.2 Ljóðgreining.....	22
6.3.3 Verkefni	22
6.4 Kaflar 11-15, bls. 55 - 82.....	22
6.4.1 Umræður	22
6.4.2 Orðskýringar	22
6.4.3 Verkefni	23
6.5 Kaflar 16-20, bls. 83 - 106.....	23
6.5.1 Umræður	23

6.5.2	Lestur með leikrænni tjáningu	23
6.5.3	Verkefni	24
6.6	Kaflar 21-25, bls. 107 - 124.....	24
6.6.1	Umræður	24
6.7	Kaflar 26-30, bls. 125 - 149.....	24
6.7.1	Umræður	24
6.7.2	Ljóðgreining.....	24
6.7.3	Verkefni	24
6.8	Kaflar 31-35, bls. 150 - 172.....	25
6.8.1	Umræður	25
6.8.2	Ljóðgreining.....	25
6.9	Kaflar 36-40, bls. 173 - 203.....	25
6.9.1	Umræður	25
6.9.2	Verkefni	25
6.10	Kaflar 41-45, bls. 204 - 238.....	25
6.10.1	Umræður	25
6.10.2	Ljóðgreining.....	26
6.11	Kaflar 46-47, bls. 239 - 255.....	26
6.11.1	Umræður	26
6.11.2	Ljóðgreining.....	26
6.12	Aukaverkefni.....	26
6.12.1	Aukaverkefni 1.....	26
6.12.2	Aukaverkefni 2.....	28

Formáli

Sem tilvonandi íslenskukennari hef ég frá því ég hóf nám mitt á Menntavísindasviði haft áhuga á bókmenntakennslu. Það sem heillar mig sérstaklega við bókmenntakennslu er hve fjölbreytt nám á bókum getur verið og endalausir möguleikar fyrir kennara til þess að gera námið fjölbreytt og skemmtilegt.

Mig langar að þakka móður minni fyrir góðan stuðning við gerð þessa kennsluverkefnis. Einnig vil ég þakka Arngrími leiðbeinanda mínum fyrir að benda mér á bókina og hjálpina. Svo vil ég þakka höfundu bókarinnar Arnari Má Arngrímssyni fyrir að hafa skrifað þessa merkilegu bók. Arnar er sjálfur kennari og má skynja reynslu hans á skólastarfi með unglingum við lestur bókarinnar. Bókin er frábært veganesti fyrir mig persónulega til að takast á við þau verkefni sem kennari þarf að glíma við.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér Siðareglur Háskóla Íslands (2003, 7. Nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálfur ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 15. ágúst 2021

Arnar Páll Rúnarsson

1 Inngangur

Vegna þeirrar gífurlegu tæknialdar sem við lifum á, þar sem tölvur og snjallsímar eru alls ráðandi, er nokkuð ljóst að bókmenntakennsla í grunnskólum hefur sjaldan verið eins mikilvæg og nú. Það er vegna þess að í bókmenntum finna ungir lesendur sjálfa sig í sögupersónum og efla þannig tilfinningagreind sína. Eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) þá kynnast nemendur íslenskri menningu með lestri bóka enda sé sú menning að miklu leyti bundin bókum, þó svo að margt annað ótengt bókum geti líka verið stór hluti af íslenskri menningu eins og til dæmis sígildir íslenskir sjónvarpsþættir eða Árbæjarsafnið. Bækur eru einnig frábært tól til að efla lestur og lesskilning. Rósa Eggertsdóttir segir í bók sinni *Hið ljúfa læsi* (2019, bls. 35) að „Í einföldustu mynd er hægt að segja að það að skilja orðin í texta sé lesskilningur“. Tek ég heilshugar undir þessi orð hennar sem má túlka á þann veg að bækur og lestur þeirra efla þannig læsi. „Skilgreiningar á læsi eru margvíslegar. Í sumum þeirra er lögð áhersla á að læsi sé fyrst og fremst hugræn færni við að átta sig á tengslum stafa og hljóða, og að ná hraða og nákvæmni við raddlestur og orðaforða til að geta lesið ýmiss konar texta“ (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 17). Vegna þessa er mikilvægt er að kennarar haldi bókmenntum að grunnskólanemum. Lestur hefur sömuleiðis mikil áhrif á málþroska barna og ungmenna. Skáldsagan *Sölvasaga unglings* eftir Arnar Má Arngrímsson er engin undantekning á því. Um er að ræða þroskasögu unglings og kennsla á bókinni uppfyllir allar þær kröfur sem góð bók við kennslu í grunnskólum þarf að hafa. Þær kröfur sem um ræðir eru að þær efla unga lesendur, skerpa á tilfinningagreind þeirra, auka lesskilning og gefur þeim sjónarhorn á lífið sem kannski hefði ekki fengist nema við lestur bókarinnar.

Í kennsluleiðbeiningunum hér á eftir er að finna mismunandi aðferðir við kennslu á *Sölvasögu unglings*. Tilgangur mismunandi kennsluaðferða er að fanga athygli og áhuga nemenda á mismunandi hátt. Ein kennsluaðferð kann að reynast frábær fyrir einhverja nemendur en önnur aðferð kann að henta öðrum. Nemendur eru mismunandi eins og þeir eru margir og því eru fjölbreyttar kennsluaðferðir mikilvægar.

Hér á eftir er að finna ítarlega greiningu á *Sölvasögu unglings* ásamt kennsluleiðbeiningum sem gerðar eru út frá bókinni. Kennsluaðferðirnar við lestur bókarinnar eru fjölbreyttar með það að markmiði að efla læsi nemenda. Það er mikilvægt að kennarinn sjálfur hafi áhuga á bókinni svo áhuginn smitist til bekkjarins. Í

kennsluleiðbeiningunum er mest lagt upp með lestraraðferðir og spurnar- og umfjöllunaraðferðir. Einnig er þar að finna verkefni sem teljast til flokks innlifunaraðferða. Hugmyndir um kennsluaðferðir eru sóttar í bókina *Litróf kennsluaðferðanna* (2013) eftir Ingvar Sigurgeirsson.

2 Aðalnámskrá grunnskóla og bókmenntakennsla fyrir unglinga

Í hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2013, bls 102) stendur að nemendur við lok 10. bekkjar eigi að geta lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. Verkefnin í kennsluleiðbeiningunum standast þessar kröfur en þar eiga nemendur að lesa og túlka það sem gerist í *Sölvasögu unglings* með hjálp umræðupunktanna sem kennari leggur fyrir nemendur sína.

Í verkefnum 6.2.2 og 6.2.3 í kennsluleiðbeiningunum eiga nemendur annars vegar að greina ljóð Sölva og svo eiga þau að setja sig í spor hans þegar hann er á leið til Aspen. Í hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2013, bls 102) kemur fram að við lok 10. bekkjar eiga nemendur að geta beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.

Í hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2013, bls 103) stendur að við lok 10. bekkjar eigi nemendur að geta tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli. Verkefnin í kennsluleiðbeiningunum standast þessar kröfur því þar eiga nemendur að gera ritunarverkefni út frá *Sölvasögu unglings*. Þar kemur einnig fram að nemendur eigi að geta skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi, og geti notað helstu aðgerðir við ritvinnslu þar að auki. Við lok 7. bekkjar eiga nemendur að geta lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á þau, lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. Þá eiga nemendur einnig að geta beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap. Verkefnin í kennsluleiðbeiningunum eru mörg hver ritunarverkefni sem reyna á einmitt þetta. Nemendur fá val á milli dagbókar- og smásöguskrifa út frá sjónarhorni persónu í bókinni og þar með eykur það skilning nemenda á hugtökum í bókmenntafræði eins og sjónarhorni, samlíðan og hvernig ólíkar persónur hafa ólíkar væntingar. Í kennsluleiðbeiningunum eru einnig verkefni þar sem nemendur eiga að semja rapptexta í anda Sölva og greina ljóð hans.

3 Kennsluaðferðir í bókmenntakennslu

Hvað er kennsluaðferð? Í bókinni *Litróf kennsluaðferðanna* (2013, bls. 12) eftir Ingvar Sigurgeirsson segir að kennsluaðferð sé skilgreind sem „það skipulag sem kennarinn hefur á kennslu sinni, samskiptum við nemendur, viðfangsefnum og námsefni í því skyni að nemendur læri það sem að er keppt.“.

Engin ein kennsluaðferð er betri en önnur, en það er flestum kennurum ljóst að beita þarf mismunandi aðferðum þegar kenna á bókmenntir. Þegar kemur að bókmenntakennslu er mikilvægt að kennarinn notist við fjölbreyttar kennsluaðferðir, bæði til þess að vekja áhuga sem flestra, koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og til þess að hafa verkefni sem fjölbreyttust. Þannig auka mismunandi kennsluaðferðir áhuga nemenda á bókinni og fær þau til þess að hugsa út fyrir kassann, sjá hlutina frá öðru sjónarhorni. Mismunandi kennsluaðferðir efla þannig læsi í víðum skilningi. Hér á eftir er farið yfir þær kennsluaðferðir sem stuðst er við í kennsluleiðbeiningunum hér að aftan.

Umræðu- og spurnaraðferðir snúast um það að kennarinn notar spurningar eða umræðupunkta til að búa til umræður um námsefnið sem hann er að kenna. Þetta er gert til þess að auka áhuga nemenda, fá nemendur til að beita rökhugsun og þæla í mismunandi sjónarhornum (Ingvar Sigurgeirsson, 2013 bls. 92). Ingvar Sigurgeirsson útskýrir þessar aðferðir þannig í bók sinni, *Litróf kennsluaðferðanna*:

„Spurnaraðferðir byggja á nokkrum markvissum spurningum, sem oft eru kallaðar lykilsurningar, sem varpað er fram í ákveðinni röð til að fá nemendur til að hugsa með skipulegum hætti um ákveðin fyrirbæri. Margar spurnaraðferðir hefjast á þankahríð sem byggist á því að laða fram hjá nemendum fjölbreyttar, ólíkar og helst nýstárlegar hugmyndir eða lausnir. Kennari varpar fram spurningu og biður nemendur að hugsa opnum huga um svörin og nefna síðan allt sem þeim kemur í hug.“ (Ingvar Sigurgeirsson, 2013 bls. 94).

Umræðuhópar henta vel þegar kemur að spurnaraðferðum. Því færri sem eru í hóp því meiri tími er fyrir hvern og einn einstakling að tjá sína skoðun á málefni. Umræðuhópar henta því einstaklega vel til þess að brjóta upp kennslu.

„Innlifunaraðferðir,“ útskýrir Ingvar Sigurgeirsson, „eru þær aðferðir kallaðar sem öðrum aðferðum fremur krefjast þess að nemendur „lifi sig inn í“ aðstæður eða tjái sig með

einhverjum hætti.“ (Ingvar Sigurgeirsson, 2013 bls 98). Í kennsluleiðbeiningunum hér á eftir er notast við aðferð sem nefnd hefur verið „leikræn tjáning,“ þar sem nemendur túlka námsefnið með leikrænum hætti. Þannig lifa nemendur sig inn í aðstæður úr bókinni og fá þannig betri sýn og skilning á því sem er að gerast í sögunni.

4 Greining á Sölvasögu unglings

Sölvasaga unglings er þroskasaga sem fjallar um Sölva sem er fimmtán ára unglingur í Reykjavík. Þegar sagan hefst hefur Sölvi nýlokið grunnskóla og sumarið er handan við hornið. Sölvi á erfitt með sjálfan sig og hefur neikvætt viðhorf til lífsins. Hann hangir mikið í símanum og horfir á klám, er ekki félagslyndur og hefur almennt mjög litla trú á sjálfum sér. Einnig er hann kominn á þunglyndislyf. Sölvi hefur áhuga á ljóðagerð og rapptextum og er duglegur að semja ljóð og kemur þannig hugsunum sínum á blað. Foreldrar hans eru sjálf í fjárhagsvandráðum og vegna þessa hafa þau ákveðið að eyða sumrinu öll hvert í sínu horninu. Danni, pabbi Sölva, ætlar á sjó að vinna og móðir hans, Inga, er á leið til Stavanger í Noregi að vinna á sjúkrahúsi. Þess vegna á Sölvi að eyða sumrinu í sveit hjá ömmu sinni. Sölvi tekur vægast sagt illa í þær fréttir að þurfa að fara eitthvert út á land burt frá öllu lífinu í Reykjavík. Hann á bágð með að skilja tilganginn með þessu og að hann fái ekki að vera heima yfir sumarið. Honum líður eins og foreldrar hans séu að refsast sér og finnst þetta mjög ósanngjarnt. Hann áttar sig ekki á því að foreldrar hans eru í raun að reyna að gera honum gott. Það sem er svo áberandi í sögunni eru viðhorf Sölva til lífsins. Fyrst um sinn er allt ömurlegt og ómögulegt en smám saman þegar hann er kominn í sveitina, burtu frá snjallsímanum og internetinu, þá fer að lifna yfir honum og viðhorf hans fer að breytast. Hann fer að lesa bækur og hlusta á tónlist af innlifun. Hann verður sjálfstæður til verka og kynnist Arndísi, stelpu á næsta bæ. Afi hennar Arndísar, Tómas, hefur einnig mjög jákvæð áhrif á Sölva. Unglingar sem lesa þessa bók geta dregið mikinn lærdóm af sögunni, þá helst hvað jákvætt viðhorf skiptir miklu máli í lífinu.

Í bókinni má greina nokkur þemu og þemur sem eru mest áberandi eru andstæður borgar og sveitar, einmanaleiki, þrá eftir ást og andlegur þroski.

Í sögunni fær lesandi að kynnast andstæðum borgar og sveitar en lífið í sveitinni er heldur betur frábrugðið því sem Sölvi þekkir úr Reykjavík. Lesandi fær að kynnast hvaða neikvæðu afleiðingar snjallsímenn og internetið getur haft í för með sér og má ætla að Sölvi sé fórnalamb nútímans og tæknivæðingarinnar. Það er eftirtektarvert við lestur sögunnar að persónur sem Sölvi kynnist í sveitinni eru einhvernvegin með svo góð gildi og viðhorf til lífsins. Lesendum kann að þykja bogið við það hvernig allt smellur í stykkið eins og sextíu ára gömul þroskasaga. Amma Sölva hefur mikil áhrif á hann án þess að hann geri sér grein fyrir því. Hún telur volæði hans Sölva vera aumingjaskap og segir að það sé ekkert að unga fólkinu

í dag nema leti. Hún er þó kannski ekki besta fyrirmyndin þar sem hún bæði reykir og er dagdrykkjumanneskja. En hún kennir honum tiltekin gildi þrátt fyrir galla sína. Einnig nota persónur úr sveitinni ýmis önnur orð yfir hluti sem reynast Sölva illskiljanleg í byrjun, til dæmis orð og orðasambönd eins og „heimasætur,“ „atast í,“ „fara með hann út undir vegg“ og svo framvegis. Viðhorf fólksins í sveitinni byrjar að smita út frá sér og Sölvi fer smám saman að lifna allur við. Hann fer að vakna sjálfur snemma á morgnana, ganga í húsverk og gera þau með þryði, og kynnist síðan Arndísi. Hann kemur þannig sjálfum sér sífellt á óvart. Við lestur bókarinnar skyggnist lesandi inn í hugarheim Sölva og eftir nokkra daga í sveitinni má greina mikinn mun þar á. Hann er jákvæðari í garð sjálfs sín, sjálfstæðari og hefur meiri trú á sjálfum sér. Amma Sölva er stór persóna í bókinni. Þegar Sölvi kemur til Aspen til hennar mætast miklar andstæður. Amman er sveitin og Sölvi er borgin. Samband þeirra Sölva og ömmu hans er ekki gott til að byrja með en svo verða þau hinir mestu mátar.

Það er athyglisvert að skoða *Sölvasögu unglings* út frá andstæðum borgar og sveitar. Segja má að hún sé sveitasaga, sem ekki er síst áhugavert vegna þess að sveitasögur heyrðu sögunni til fyrir mörgum árum. Ingi Björn Guðnason, bókmenntafræðingur heldur því fram að „upp úr miðri 20. öld hætti sveitin smám saman að vera mikilvægur vettvangur bókmenntanna og þegar liðið var á sjöunda áratuginn hefur sveitasagan að mestu leyti runnið sitt skeið sem samfelld bókmenntahefð.“ (Ingi Björn Guðnason, 2016 bls 382). Sveitasamfélagið heyrði sögunni til og gildi þess að vera raunverulegur valkostur í skáldsögum eftirstriðsáranna. (Dagný Kristjánsdóttir, 2006 bls 436). Það sem er einkennandi við sveitina í bókinni er að tilvera Sölva verður einfaldari og má ætla að það hafi jákvæð áhrif á hann. Sögusvið sveitarinnar er nánar tiltekið sveitabær ömmu hans, kallaður Aspen, bær Tómasar og landið í kring, ásamt kaupstað nokkrum kílómetrum í burtu. Ingi Björn Guðnason bendir til dæmis á það að „mörg þeirra verka sem flokka má sem sveitasögur eiga það þó sameiginlegt að borgin, eða þéttbýlið, er hluti af sögusviðinu eða a.m.k. baksvið og myndar andstæðu við sögusvið sveitarinnar.“ (Ingi Björn Guðnason, 2016 bls 386). Þetta á svo sannarlega við um *Sölvasögu unglings*. Lífið í Reykjavík sem Sölvi yfirgefur er í bakgrunni alla söguna og er einmitt algjör andstæða við lífið í sveitinni, svo sem almennt er í hefðbundnum sveitasögum. Í sveitinni líður honum vel og hann er duglegur. Í borginni leið honum illa og hann var latur. Borgin er í bakgrunni að því leyti að Sölvi rifjar af og til upp lífið í Reykjavík með töluverðum óhug. Jón Yngvi Jóhannsson bendir á að „Eitt af því sem einkennir

sveitasögur er basl og vandræði þeirra sem í sveitinni eru.“ (Jón Yngvi Jóhannsson, 2006 bls 647). Amma Sölva, sem er að glíma við krabbamein, á mjög erfitt með að halda húsinu hreinu og kemur þar Sölvi að góðum notum. Má segja að Sölvi finni sér tilgang í sveitinni þegar hann hjálpar ömmu sinni við alls kyns húsverk sem hún ræður ekki lengur við vegna veikinda sinna. Hafa skal þó í huga að lesandinn fær ekki að vita af veikindum ömmu Sölva fyrr en í lok bókarinnar og útskýrir það margt varðandi atferli hennar í sögunni. Athyglisvert er að velta því fyrir sér hvers vegna amma Sölva segir engum frá veikindum sínum. Einn möguleiki er að þrjúskan ráði þar ein ríkjum, enda er það algjörlega fjarri hennar persónugerð að vera álitin veik og láta vorkenna sér. Eftir að lesandi kynnist ömmu Sölva er nokkuð skýrt hvaða mann hún hefur að geyma.

Einmanaleikinn er greinilegur við lestur bókarinnar. Sölva líður eins og hann eigi engan að. Honum líður eins og foreldrar hans elski sig ekki og hann á fáa vini, en þó nokkuð góða. Honum finnst allt svo ómögulegt og óréttlátt. En þegar hann fer að tengjast ömmu sinni og Tómasi úr sveitinni má skynja að hann verður ekki eins einmana. Hvaða þá þegar hann kynnist Arndísi. Hún er falleg, skynsöm, ábyrgðarfull og dugleg (sitthvað sem Sölvi er sjálfur ekki, að minnsta kosti í upphafi sögu).

Ást er eitthvað sem Sölvi þráir. Þegar hann kynnist Arndísi verður hann mjög hrifinn af henni. Í augum Sölva er Arndís hin fullkomna stelpa. Hún æfir fótbolta, hjálpar afa sínum við alls kyns störf og er gífurlega jákvæð og heilsteyptur einstaklingur. Við lok sögunnar fara Sölvi og Arndís að stinga saman nefjum og Sölvi verður ástfanginn. Honum líður eins og öll hans vandamál séu úr sögunni, þunglyndið, einmanaleikinn og sjálfshatrið hverfur, allt vegna þess að nú er hann kominn með stelpuna sem hann telur sig hafa vantað. Sölvi verður fljótlega yfirþyrmandi við Arndísi og vill Arndís að endingu fá viku í pásu frá honum til að sinna erindum sínum. Sölvi skilur ekkert í þessu og byrja efasemdaraddir að þjarma að honum. Þessi vika reynist honum afar þungbær þar sem hugsanirnar verða þyngri og þyngri og endar hann á því að gleypa 10 töflur af þunglyndislyfinu sem hann hafði ekki snert allt sumarið. Hann vaknar svo í sófanum hjá Tómasi og man ekkert. Í örvæntingu kaupir hann í kjölfarið hring fyrir Arndísi á 75 þúsund krónur en endar svo á að kasta honum út í sjó þegar Arndís tilkynnir honum að þetta gangi ekki upp á milli þeirra.

Sölvi þroskast gífurlega þetta sumarið og er sagan mikil þroskasaga. Hann fer úr því að vera ósjálfbjarga unglingur með neikvæðar hugsanir í að vera harðduglegur, sjálfstæður

og vinnusamur ungur maður. Það er mjög skemmtilegt að fylgjast með hvernig lifnar yfir honum þegar líður á söguna þar sem lesendur fá að skyggnast inn í hans hugarheim. Sölvi tekur þá ákvörðun að fara ekki í framhaldsskóla eins og flestir jafnaldrar hans eftir sumarið heldur vinna frekar í sveitinni með Tómasi. Hann tengir Reykjavík við slæmar tilfinningar og þess vegna vill hann vera í sveitinni. Þegar amma hans fellur frá undir lok sögunnar tengist hann þabba sínum á annan hátt. Það er þó merkilegt að spá í því að samband Sölva við móður sína er lítið sem ekkert getið í sögunni. Mamma hans kemur nánast ekkert fyrir í bókinni.

Endirinn á sögunni er eftirtektarverður. Amma Sölva er fallin frá, mamma og þabbi Sölva eru að skilja og samband Sölva við Arndísi gekk ekki upp. Þannig er ekki hægt að segja að sagan hafi endað neitt svakalega vel. Lesendur verða þó að gera sér í hugarlund framhaldið en það má ætla að með þessari þroskasögu læri Sölvi betur að takast á við lífið svo framhaldið þarf ekki að vera svo dökkt. Árið 2018 kom raunar út framhaldsbókin *Sölva saga Daníelssonar* sem svarar ýmsum vangaveltum lesenda þar að lútandi, en ekki er rúm til að fjalla um hana hér.

5 Lokaorð

Þegar ég byrjaði að lesa bókina *Sölvásaga unglings* þá fór ég strax að ímynda mér mismunandi kennsluverkefni sem ég gæti útbúið út frá sögunni. Ég hafði það hugfast við gerð kennsluverkefnanna að ég vildi hafa þau fjölbreytt og að nemendur fengju úrval af mismunandi verkefnum. Þegar ég hóf svo að útbúa leiðbeiningarnar ákvað ég að best væri að skipta verkefnunum eftir fimmta hvern kafla í sögunni þar sem kaflarnir í bókinni eru 48 talsins. Það var skemmtilegt að lesa bókina með kennslufræðilegum gleraugum og ímynda sér nemendahóp vinna verkefnin. Ég veit það fyrir víst að einn daginn þegar ég stíg á stökk í kennslu og fer að kenna bókina mun ég nýta þau verkefni sem er að finna í kennsluleiðbeiningunum. Bókin er fullkomin bók til að kenna unglíngum. Lærdómurinn sem nemendur koma til með að draga af henni er mikill og ég hlakka til að taka þátt í þeim umræðum sem eiga eftir að skapast í kennslustofunni. Ég sé fyrir mér heilbrigðar samræður um lífið, jákvætt viðhorf, neikvætt viðhorf, ástina, dauðann og tilfinningar. Allt er þetta viðfangsefni sem bókin snertir á og gefur kennaranum tækifæri til að ræða við nemendur sína. Það gaf mér mikið að vinna kennsluleiðbeiningar úr bókinni, ekki bara ánægju heldur einnig aukið sjálfstraust til að takast á við þau verkefni sem ég kem til með að glíma við í náinni framtíð.

Heimildaskrá

Arnar Már Arngrímsson. (2015). *Sölvasaga unglings*. Reykjavík: Sögur.

Dagný Kristjánsdóttir. (2006). *Íslensk bókmenntasaga IV*. Ritstj. Árni Ibsen, Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Magnús Þór Þorbergsson, Margrét Tryggvadóttir, Matthías Viðar Sæmundsson, Silja Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson. (2006). Reykjavík: Mál og menning.

Ingi Björn Guðnason. (2016). Íslenska sveitasagan og þrileikur Jóns Kalmans. *Skírnir*, 190, bls. 382-411.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna* (2.útgáfa). Reykjavík: Iðnú.

Jón Yngvi Jóhannsson. (2006). *Íslensk bókmenntasaga V*. Ritstj. Árni Sigurjónsson, Dagný Kristjánsdóttir, Halldór Guðmundsson, Jón Yngvi Jóhannsson, Magnús Hauksson, Silja Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson. (2006). Reykjavík: Mál og menning.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla – greinasvið 2013*.

Reykjavík. Sótt 25. júlí 2021 af

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74> ISBN 978-436-12-2

Rósa Eggertsdóttir. (2019). *Hið ljúfa læsi: Handbók um læsiskennslu fyrir kennara og kennaranema*. Rósa Eggertsdóttir.

Kennsluleiðbeiningar

Kennsluleiðbeiningar þessar eru búnar til út frá bókinni *Sölvasaga unglings* eftir Arnar Má Arngrímsson. Bókin snertir á mörgum þáttum sem eru unglingum hagleikin og er þess eðlis að auðvelt er að nota hana í kennslu í íslensku á unglingsstigi. Hér er um að ræða hugmyndabanka fyrir kennslu og heilan námsþátt sem hægt er að vinna út frá.

6 Verkefni

6.1 Kæri kennari

Bókin *Sölvasaga unglings* býður upp á óteljandi möguleika við kennslu. Mundu að gefa nemendum þínum gott svigrúm og reyndu eftir bestu getu að gera nemendur þína að virkum þátttakendum í kennslu á bókinni. Vertu opinn fyrir hugmyndum þeirra og reyndu að hafa þetta á léttu nótunum svo nemendur hafi eins gaman af kennslunni og hægt er. Að fá að kenna unglingsum að njóta bókmennta og velta sér upp úr innihaldi þeirra er afar dýrmætt. Hafðu jákvæðni í fyrirrúmi og reyndu að njóta kennslunnar með nemendum þínum.

6.1.1 Uppsetningin

Þessar kennsluleiðbeiningar eru settar upp sem heildstæður námsþáttur úr bókinni *Sölvasaga unglings* eftir Arnar Má Arngrímsson. Leiðbeiningar þessar eru gerðar með það að leiðarljósi að vera hugmyndabanki og stuðningur fyrir kennararann þegar hann kennir bókina. Leiðbeiningarnar byrja á undirbúningi fyrir lesturinn og hvað sé gott að hafa í huga þegar byrja á að kenna bókina.

Lagt er upp með að fimm kaflar séu lesnir í einu og síðan verkefni unnin út frá þeim í framhaldi. Kaflarnir í bókinni eru stuttir svo það ætti ekki að vera mikið mál. Fimmta hverjum kafla er skipt niður í kennsluleiðbeiningunum og er þar að finna umræðuspurningar sem hafa þann tilgang að efla læsi nemenda. Hér er áherslan lögð á að nemendur séu í lykilhlutverki í umræðunum og kennari leyfi nemendum sínum að tjá sig. Punktarnir í umræðunum í kennsluleiðbeiningunum geta verið gott tæki fyrir kennarann til að hefja umræður innan bekkjarins um það sem fram fór í köflunum fimm sem lesnir voru.

Fjölbreytt verkefni er að finna eftir hverja fimm kafla sem lesnir eru. Um er að ræða ljóðgreiningu á rapptextum, verkefni þar sem nemendur eru látnir búa til ljóð, skrifa bréf og fara á netið, allt til þess að auka læsi og skilning á innihaldi bókarinnar. Verkefnin eru fjölbreytt með þann tilgang að vekja áhuga og að ná til mismunandi þarfa nemenda.

6.1.2 Undirbúningur kennslu

Áhersla er lögð á að verkefni séu fjölbreytt til að ná til sem flestra nemenda út frá áhugasviði þeirra og aðstæðum. Þegar kennari undirbýr sig fyrir kennslu á bókinni þarf hann að vera búinn að lesa bókina vandlega og punkta hjá sér eftir hvern kafla hugmyndir að verkefnum út frá sögunni. Í þessari vinnu er gott að kennarinn setji sig í spor nemenda og

horfi með þeim gleraugum á söguna. Þannig reynir hann að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda sinna.

6.1.3 Bókin kynnt

Gott er að kynna bókina með því að setja kápuna af henni upp á skjá fyrir bekkinn. Kennari getur svo spurt nemendur hvort þeir kannist við bókina og ef einhverjir hafa nú þegar lesið hana biður hann þá nemendur um að spilla ekki söguþræðinum fyrir hinum.

Kennarinn spyr svo nemendur sína um hvað þeir halda að bókin sé og skrifar þær hugmyndir nemenda sinna upp á töflu. Eftir að hugmyndir nemenda eru komnar upp á töflu skoðar kennarinn hverja hugmynd fyrir sig með nemendum og biður þau um að koma með tillögur um hvað annað bókin gæti heitið út frá kápumyndinni. Tilgangurinn með þessu er að vekja upp forvitni nemenda á innihaldi *Sölvasögu unglings* og fá þau til að hugsa út fyrir boxið.

6.1.4 Um lesturinn

Ekki er lögð áhersla á að kennari les alla bókina fyrir nemendur heldur einungis fyrsta kaflann til að vekja áhuga þeirra á henni. Kafla tvö les svo bekkurinn saman. Þegar nemendur fara svo í það að lesa bókina sjálf er mikilvægt að skapa umhverfi í kennslustofunni sem styður við nemendur með það að markmiði að þeim líði vel. Það þarf að vera ró í kennslustofunni og er mikilvægt að nemendur komi sér vel fyrir þegar þau setja sig í stellingar við lestur á bókinni. Einhverjir vilja kannski fara á bókasafnið að lesa og er gott ef kennari gefur nemendum sínum svigrúm svo þeim líði sem best. Nemendur þurfa þó að lesa að mestu í frítíma sínum eða utan kennslustundar þar sem tímarnir fara flestir í verkefni og þar er gert ráð fyrir að nemendur séu búnir að lesa heima.

Eftir lestur á fyrstu tveimur köflum bókarinnar fá nemendur áætlun. Kennari þarf að útskýra fyrir nemendum mjög skýrlega hve mikilvægt það er að halda áætlun. Ef nemandi er ekki búinn að lesa fyrir hvern tíma er erfitt að halda þræði og vinna verkefni í tímum upp úr því sem á að vera búð að lesa fyrir hverja kennslustund.

6.1.5 Meðan á lestri stendur

Nemendur eru ólíkir eins og þeir eru margir og er það því misjafnt hve mikla aðstoð kennari þarf að veita hverjum og einum nemanda við að halda utan um námið. Þegar kemur að lestri bóka gefur það augaleið að sumir sem eiga bággt með að lesa bækur þurfi meiri stuðning frá kennara en aðrir nemendur. Þegar kemur að því að styðja nemendur við lestur er gott að

kennari gefi nemendum hugmynd um hvaða þætti sé gott að horfa í og hvað sé gott að skrifa hjá sér. Það er því gott að leggja nemendum þá reglu fyrir að hafa ávallt blað eftir fimmta hvern kafla sem þau lesa þar sem þau skrifa niður persónur sem koma fyrir, orð sem þau skilja ekki og hugmyndir þeirra um það sem er að gerast í sögunni. Tilgangurinn með þessu er að þau fái sem víðastan skilning á innihaldi bókarinnar.

6.1.6 Útskýringar

Hér fyrir neðan eru útskýringar á þeim verkefnum sem lögð eru fyrir eftir fimmta hvern kafla:

- Ljóðgreining: Nemendur eiga að greina ljóð Sölva sem birtast í bókinni.
- Orðskýringar: Orð og setningar sem koma fyrir í köflunum sem geta reynst nemendum illskiljanleg.
- Umræður: Eftir fimmta hvern kafla hefur kennari undirbúið punkta sem eiga að vekja fram umræður í bekknum. Tilgangurinn með þeim er að efla læsi nemenda á bókinni.
- Verkefni: Eftir fimmta hvern kafla eiga nemendur að gera verkefni sem kennari leggur fyrir þau úr köflunum sem búið er að lesa.

6.2 Kaflar 1-5, bls. 5 - 35

- ❖ Eftir lestur á köflum 1-5 hefst kennslustund á umræðum í bekknum.

6.2.1 Umræður

- Hvers vegna haldið þið að Sölvi þurfi að fara í sveit?
- Hvaða áhrif haldið þið að snjallsímar og tölvunotkun hafi á líðan ykkar?
- Hvernig er samband Sölva og foreldra hans?

6.2.2 Ljóðgreining

- ❖ Á bls. 8 er fyrsta ljóðið hans Sölva í bókinni. Kennari biður nemendur um að skrifa upp ljóðið og greina það. Um hvað er ljóðið? Er það hefðbundið eða óhefðbundið? Er þar að finna beina mynd? Viðlíkingu? Myndhverfingu? Persónugervingu? Endurtekningu? Andstæður? Þversögn?

6.2.3 Verkefni

- ❖ Kennari biður nemendur um að skrifa dagbókarfærslu þar sem nemendur setja sig í spor Sölva þegar hann er í rúttunni á leið sinni til Aspen. Nemendur eiga að lýsa útsýninu úr rúttunni, hvað fari í gegnum huga Sölva á leiðinni og hvernig honum líður.

6.3 Kaflar 6-10, bls. 36 - 54

6.3.1 Umræður

- Hvernig er sjálfsmynd Sölva? Hvernig sér Sölvi sjálfan sig?
- Tókuð þið eftir breytingum á hugarfari Sölva þegar hann var búinn að vera í sveitinni í smá tíma?
- Hvers vegna hætti Sölvi að æfa á trommur?

6.3.2 Ljóðgreining

- ❖ Á bls. 38 í bókinni er að finna ljóð eftir Sölva. Kennari biður nemendur um að finna nafn á ljóðið. Um hvað er ljóðið? Strikið undir rím. Er ljóðið hefðbundið eða óhefðbundið? Eru stuðlar og höfuðstafir? Er þar að finna beina mynd? Viðlíkingu? Myndhverfingu? Persónugervingu? Endurtekningu? Andstæður? Þversögn? Kennari biður svo nemendur um að skrifa annað erindi eða fjórar línur og bæta við ljóðið.

6.3.3 Verkefni

- ❖ Semjið rapptexta í anda rapptexta Sölva. Má vera um hvað sem er.
- ❖ Á blaðsíðu 51-52 í bókinni er að finna bréf til Skugga. Setjið ykkur í spor Skugga og svarið Sölva með samskonar bréfi.

Gott er að biðja nemendur um að lesa upp verkefnin fyrir bekkinn svo umræður verði til um málefni t.d. í verkefninu um einelti. Umræður um verkefnið fær nemendur til þess að átta sig á alvarleika og neikvæðar afleiðingar eineltis.

6.4 Kaflar 11-15, bls. 55 - 82

6.4.1 Umræður

- Hvernig er sjálfstraust Sölva? Gott eða slæmt?
- Fjallið um fordómar Sölva gagnvart Arndísi þegar hann fréttir að hún stundar kraftlyftingar.
- Sölvi kemur skipulagi á líf sitt í sveitinni. Hvers vegna er skipulag gott fyrir andlega heilsu?

6.4.2 Orðskýringar

- Spáið í orðaforða Tómasar og ömmu Sölva. Hvað þýðir hreppstjórakaffi?

- Hvað á Tómas við þegar hann segir um hundinn Sólon: „Þetta er farið að kortast hjá honum“?
- Hvað þýðir að vera dverghagur smiður?
- Hvað á amma Sölva við þegar hún segir „Farðu nú samt ekki að bröлта á heimasætunni“?
- Hvað á amma Sölva við þegar hún segir um Sólon: „Það líður líka að því að ég fari með hann út undir vegg“?
- Hvað á hún við þegar hún segir „auktu mér leti“?

6.4.3 Verkefni

- ❖ Skrifðu 3 blaðsíðna smásögu út frá sjónarhorni einhverrar persónu í bókinni. Reyndu að hafa hana í sama stíl og *Sölvasaga unglings*. Sagan getur fjallað um Skugga eða Tómas eða hvaða persónu sem er í *Sölvasögu*.

6.5 Kaflar 16-20, bls. 83 - 106

6.5.1 Umræður

- Takið þið eftir breytingum á sjálfstrausti Sölva? Er það að aukast? Er það kannski að minnka? Hvers vegna?
- Amma hans Sölva vill að hann læri að keyra, hvers vegna kemur það Sölva á óvart?
- Í ökukennslunni notar amma Sölva orðið „gustuk“. Hvað þýðir það orð?
- Sölvi segir við ömmu sína „þú ert bara að grilla í mér“. Hvaða orð vill amma hans að hann noti frekar?
- Þegar Tómas spyr Sölva „hvernig ertu í hreðjunum,“ hvað á hann við með því?
- Hvað eru fjölskyldudjásnin?

6.5.2 Lestur með leikrænni tjáningu

Kennari biður nemendur um að lesa upphátt með leikrænni tjáningu beinu textalýsinguna af fótboltaleiknum á þorpsvellinum á blaðsíðu 84-88 í bókinni. Gott er að skipta textanum niður fyrir þá sem vilja lesa og leggja áherslu á að nemendur lesi þetta eins og íþróttافرéttamaður lýsir kappleikjum. Tilgangurinn með þessu er að brjóta upp kennsluna og leyfa nemendum að skemmta sér í leiðinni.

6.5.3 Verkefni

- ❖ Á blaðsíðu 96 í bókinni er að finna bréf frá Sölva til besta vinar síns Skugga. Setjið ykkur í spor Skugga og svarið bréfinu.

6.6 Kaflar 21-25, bls. 107 - 124

6.6.1 Umræður

- Sölvi ákveður að hefja nýtt líf. Eru væntingar hans til þessa nýja lífs raunhæfar?
- Hvers vegna haldið þið að Sölvi sé kominn með ógeð á sjálfum sér?
- Takið eftir því hvernig Sölvi talar til sjálfs sín eftir að væntingar hans til hins nýja lífs standast ekki.
- Haldið þið að bókalestur Sölva sé að hjálpa honum að takast á við lífið? Hvers vegna?

6.7 Kaflar 26-30, bls. 125 - 149

6.7.1 Umræður

- Hvernig tekur Sölvi í það þegar Arndís færir honum kveðju frá Frey?
- Hvaða álit hefur Sölvi á Frey?
- Hvernig tekur Sölvi því að sjá nektarmyndina sem Freyr sendir honum?
- Þegar Sölvi og Arndís mála herbergið talar Sölvi um að stelpur séu svo smámunasamar. Er það rétt? Er munur á kynjunum þegar kemur að þessu?
- Hvers vegna vaknaði Sölvi daginn eftir án þess að vera vakinn í fyrsta sinn?
- Hvernig tekur Sölvi í fréttirnar af Skugga?

6.7.2 Ljóðgreining

- ❖ Á blaðsíðu 139 í bókinni er að finna ljóð eftir Sölva. Kennari biður nemendur um að skrifa upp ljóðið og greina það. Um hvað er ljóðið? Er það hefðbundið eða óhefðbundið? Er þar að finna beina mynd? Viðlíkingu? Myndhverfingu? Persónugervingu? Endurtekningu? Andstæður? Þversögn?

6.7.3 Verkefni

- ❖ Á blaðsíðu 135 í bókinni er sagt frá því þegar Sölvi vill yfirgefa gamla og leiðinlega Sölva. Skrifið 150 orð um muninn á gamla og nýja Sölva.
- ❖ Í bókinni kemur fram að Sölvi hafi orðið fyrir einelti. Skrifið 200 orð um hvers vegna einelti má aldrei líðast, afleiðingar eineltis og hvernig er best að uppræta einelti.

6.8 Kaflar 31-35, bls. 150 - 172

6.8.1 Umræður

- Takið eftir sjálfsmiðuninni hjá Sölva eftir skemmtunina í félagsheimilinu. Hvers vegna haldið þið að honum líði svona illa?
- Var þetta heppilega orðað hjá honum að segja „má ég fara upp á þig“ við Arndísi?
- Hvernig haldið þið að Arndís hafi tekið í þessi orð?
- Hvernig sér Sölvi fyrir sér haustið sem er framundan hjá honum í Reykjavík?
- Hvernig tekur Sölvi í það að amma hans hafi lógað Sóloni? Var það rangt af henni að gera það?

6.8.2 Ljóðgreining

- ❖ Á blaðsíðu 156 er að finna ljóð eftir Sölva. Semjið tvö ný erindi við ljóðið og finnið nafn á það.

6.9 Kaflar 36-40, bls. 173 - 203

6.9.1 Umræður

- Hvernig upplifir Sölvi skólakerfið?
- Hvað eru göngur og hver er tilgangurinn með þeim?
- Kom það ykkur á óvart að amma Sölva hafði verið veik?
- Hefði hún mögulega átt að vera búin að leita sér hjálpar? Hvers vegna haldið þið að hún hafi ekki leitað sér hjálpar?
- Í bókinni er talað um að Sölva hafi fundist skrytið þegar pabbi hans segir „heima“ og á þá við íbúðina í Reykjavík en ekki sveitina. Hvers vegna ætli það sé?
- Hvernig tekur Sölvi því að amma hans sé dái?

6.9.2 Verkefni

- ❖ Skriðið stutta ritun um muninn á sveit og borg. Hvar liggur munurinn? Fólkið? Hugsunarháttur? Er annað hvort betra en hitt, eða hefur hvort tveggja kosti og galla?

6.10 Kaflar 41-45, bls. 204 - 238

6.10.1 Umræður

- Hvernig ætli Sölva hafi liðið við að opna Gerplu í fyrsta sinn, sem var fermingargjöf frá ömmu hans?

- Hvernig ætli samband Sölva og móður hans sé?
- Hvers vegna ætli amma Sölva hafi leynt fyrir öllum að hún væri með krabbamein?
- Hvað fór um huga ykkar þegar Arndís kysir Sölva?

6.10.2 Ljóðgreining

- ❖ Á blaðsíðu 232 er að finna stutt kvæði. Skrifið kvæðið niður og strikið undir rím, viðlíkingar, persónugervingar og myndhverfingar. Strikið undir stuðla og höfuðstafi. Finnið svo nafn á kvæðið.

6.11 Kaflar 46-47, bls. 239 - 255

6.11.1 Umræður

- Hvers vegna vill Sölvi ekki stofna rappsveit?
- Hvers vegna nennir Sölvi ekki að búa í Reykjavík?
- Hvers vegna vill Arndís fá pásu frá Sölva?
- Voru það rétt viðbrögð hjá Sölva að kaupa hringinn handa Arndísi?
- Hvað hefðuð þið gert öðruvísi en Sölvi þessa viku sem Arndís var í burtu?
- Hvernig finnst ykkur endirinn á bókinni?

6.11.2 Ljóðgreining

- ❖ Veljið eitt af tveimur ljóðunum á blaðsíðu 240 í bókinni og semjið nýtt erindi. Reynið að hafa erindið ykkar í svipuðum stíl og erindin hans Sölva. Finnið svo nafn á ljóðið.

6.12 Aukaverkefni

6.12.1 Aukaverkefni 1

Athugið: Verkefni þetta er gert *áður* en nemendur lesa bókina!

Kaflaheiti og fyrirsagnir. Nemendur eiga að velja eitt kaflaheiti og búa til frétt þar sem kaflaheitið er fyrirsögnin á fréttinni.

1. Aspen, Here I come
2. Jesus Walks
3. Borða, biðja, elska
4. Hróga
5. Sveitas-æla
6. Arbeit macht frei

7. Svarthol
8. Lesstur
9. Vínill
10. Bréf
11. Ég er svo ekki að nenna fara í skóla
12. Tómas
13. Nýtt líf
14. Karin
15. Electric hershöfðingi
16. Að sitja kyrr
17. Fótbolti í þorpinu
18. Gerpla
19. Ökutími
20. Bréf til skugga
21. Sunnudagskvíðinn
22. Nýtt líf á morgun
23. „ég skal bara gera þetta“
24. Selsblóð
25. Sjoppuferð
26. Helgríma
27. Lostafull nótt
28. Myndin
29. „come to Marlboro Country“
30. Makover
31. Upprisan í bílakirkjugarðinum
32. Hamingjan í félagsheimilinu
33. „má ég fara upp á þig?“
34. Verslunarmannahelgi
35. Bréf til Skugga
36. „hvað veit þú um þjáninguna“
37. Göngur
38. Labb-rabb
39. 11. September
40. Á spítalandi

41. Gjöfin
42. Skuggi
43. För til jarðar
44. 8. – 9. nóvember
45. Að kvöldi afmælisdags
46. Kvöldið fyrir nóttina
47. Dagurinn eftir kvöldið fyrir nóttina
48. Sögulok

6.12.2 Aukaverkefni 2

Athugið: Verkefni þetta er gert *eftir* lestur bókarinnar.

Nemendur útbúa veggspjöld þar sem þeir reyna að svara eftirfarandi spurningum. Mikilvægt er veggspjöldin séu snyrtileg og myndskreytt.

- Hvað hefur þú lært eftir lestur bókarinnar?
- Hvernig bók er þetta?
- Hverjar eru aðalpersónurnar?
- Hvert er sögusviðið?
- Hvenær gerist sagan?
- Hver er boðskapur sögunnar?
- Hvað fannst þér áhugaverðast í bókinni?